

20. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

20. fundur landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps var haldinn 20. september 2021 kl 16:00 í Félagsheimili Hrunamanna. Nefndin mætti, Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson ásamt sveitarstjóra, Jóni Valgeirssyni og oddvita, Halldóru Hjörleifsdóttur. Auk þeirra mættu Jón Bjarnason fjallkóngur og Daði Geir Samúelsson formaður Umhverfisnefndar til að ræða dagskrárlið 1.

Dagskrá fundarins:

1. Utanvegarakstur
 - a. Umhverfisnefnd barst kvörtun vegna utanvegaraksturs á Hrunamannaafretti.
 - b. Umræddur utanvegaakstur átti sér stað við smalamennskur en nefndin tekur athugasemdunum alvarlega og hvetur sitt fólk til að passa enn betur upp á akstur á afréttinum.
2. Fjallskilasamþykkt
 - a. Unnið hefur verið að endurskoðun Fjallskilasamþykktar fyrir Árnessýslu síðan á síðasta kjörtímabili. Nefndin sem hefur unnið að verkefninu stefnir á að skila inn drögum að fjallskilasamþykktinni á fundi Héraðsnefndar í október.
 - b. Ákveðið að halda fund með öllum sauðfjárþændum í Hrunamannahreppi (miðvikudaginn 29.sept) til að ræða málin, hvernig þændur sjá þetta fyrir sér.
3. Leppistungur
 - a. Ferðaklúbburinn 4x4 hefur verið með afnot af skálanum í Leppistungum síðustu ár. Þeir hafa ekki borgað neina leigu en hafa séð um viðhald á skálanum.
 - b. Ákveðið var að bjóða þeim skálann áfram gegn vægu leigugjaldi.

Fundi slitið klukkan 17:31